



Hreppsnefnd 21. júní 2001

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 21.júní 2001

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 21. 06.01 kl. 10.00 f.h. í Miklagarði. Mættir: Inga María Ingadóttir, Auður Jónsdóttir, Ólafur Ármannsson, Emil Sigurjónsson, varaoddviti, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson og Ólafur Sigmarsson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Varaoddvitinn setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar. Síðan var gengið til dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 1. júní sl. Fundargerðin rædd og fyrirspurnum svarað um: Sveitarstjóri svaraði fyrirspurnum varðandi kaup á Hamrahlóð 26. Verkefnið fegurri sveitir og stöðu framkvæmda við sundlaugina í Selárdal. Síðan var fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. mál. Staða hafnarframkvæmda. Sveitarstjóri greindi frá fyrirhuguðum framkvæmdum við lagfæringu á nýja viðlegukanntinum. Ennfremur greindi hann frá því að leitað er heimilda við að bjóða út dýpkun á innsiglingu innan við Skiphólma í samræmi við tillögur þar um samkvæmt samþykktri Hafnaráætlun 2001-2004. Jafnframt lögð fram drög að greinagerð til Skipulagsstofnunar, þar sem spurst er fyrir um matsskyldu brimvarnargarðs á milli Miðhólma og Skiphólma samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Sveitarstjóra var falið að fylgja máliu eftir við viðkomandi aðila með það í huga að varanleg viðgerð fái á þilið sem fyrst svo unnt verði að nýta til fullnustu.

3. mál. Kaupvangur, framkvæmdir. Lögð voru fram til kynningar drög að hönnun lóðar umhverfis Kaupvang. Málinu vísað til umfjöllunar í byggingarnefnd Kaupvangs.

4. mál. Menntamálaráðuneytið, bréf dags. 9. maí varðandi upplýsingakerfi fyrir bókasöfn, sem er í smíðum. Samþykkt var að Vopnafjarðarhreppur gerist ekki stofnaðili að umræddu upplýsingakerfi fyrir bókasöfn, sem er í vinnslu.

5. mál. AA-samtökin bréf dags. 21. maí, varðandi afnot af Þorbrandsstöðum fyrir samtökin. Samþykkt að veita AA-samtökunum leyfi til nýtingar Þorbrandsstaða dagana 6.-9. júlí.

6. mál. Félagsmálaráðuneytið, bréf dags. 16. maí sl., varðandi sveitarstjórnarkosningar 25.maí 2002. Lagt fram til kynningar.

7. mál. Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, varðandi umsögn um gistileyfi á Hótel Tanga. Sveitarstjórn mælir með því að leyfið verði veitt, og sveitarstjóra falið að afgreiða máli.

8. mál. Bréf Sambands ísl. sveitarfélaga frá 31. maí sl., varðandi lóðaúrhlutanir. Lagt fram til kynningar.

9. mál. Hámundarstaðir, sala. Sveitarstjóri skýrði frá því að tvö tilboð hefðu borist í Hámundarstaði I og III. Sveitarstjóra ásamt oddvita falið gera gagntilboð og ganga frá málinu.

10. mál. Saumastofan Hrund hf. Sveitarstjóri skýrði frá því að fyrirspurn hefði borist um hvort hægt væri að fá hlutafélagið Saumatofan Hrund hf., keypt. Erindinu hafnað.

11. mál. Ýmislegt:

a) Fundur heilbriðgisnefndar Austurlands frá 25. maí sl.

b) Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands frá 28. maí sl.

Önnur mál:

Erindi kom frá Ungmennafélaginu Einherjar, í sveitinni, um styrk til viðhalds húseigininni að Staðarholti.

Samþykkt með 6 atkv. geng 1, að styrkja félagið um 75 þús. kr.

Fleira ekki tekið fyrir og þakkaði oddviti fundarmönnum góða fundarsetu og sleit fundi.